

Fylgiskjal með umhverfismatsskýrslu Hljóðvist



Verk: Norðausturvegur (85-02) um Skjálfandafljót
Málefni: Hljóðvist
Dag.: 16.06.2025

Hér á eftir eru útreikningar á umferðarhávaða við Norðausturveg (85-02) við Skjálfandafljót við vegamót Norðausturvegar og Út-Kinnarvegar (851-01) annarsvegar og við bæinn Húsabakka sem liggur undir hlíðum Garðsnúps hins vegar. Reiknað er hljóðstig eftir færslu vegar frá núverandi vegstæði, bæði fyrir veglínu A og B.

Útreikningarnir voru gerðir með einfölduðu reikniforriti SINTEF IKT (2004) sem byggir á samnorrænu reikniaðferðinni úr norræna reiknilíkaninu. Útreikningarnir áætla jafngildishljóðstig fyrir heilan sólarhring í desíbelum dB(A).

Síða 1/5

Í reglugerð um hávaða nr. 724/2008 kemur fram að viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða (jafngildishljóðstig) fyrir utan glugga er **55 dB(A)** fyrir íbúðarhúsnæði og **45 dB(A)** fyrir frístundabyggð. Gildin eru frísvíðsgildi sem þýðir að ekki er tekið tillit til endurkasts hljóðbylgna frá húsvegg.

Gert er ráð fyrir grónu flötu yfirborði á milli hljóðgjafa og móttaka, skilgreint sem mjúkt yfirborð í reiknilíkani fyrir ársdags- og sumardagsumferð. Hins vegar má gera ráð fyrir að frosin jörð gefi endurkast frá yfirborði líkt og hart yfirborð og er hljóðstig miðað við vetrardagsumferð og frosið yfirborð því sýnt með brotinni línu.

Eftirfarandi eru forsendur umferðar fyrir reiknilíkanið:

Umferðartölur ársins 2023 byggja á rauntölum umferðar

ÁDU	650
SDU	1000
VDU	375

Vegagerðin


Umferðartölur ársins 2048 byggja áætlaðri umferð ársins 2048, eða 20 árum eftir opnun mannvirkis

ÁDU	1550
SDU	2100
VDU	775


1. Vegamót Norðausturvegar (85-02) og Út-Kinnarvegar (851-01)

Útreikningar við vegamótin miðast við eftirfarandi forsendur:

- Ökuhraði 90 km/klst.
- Ökuhraði þunga ökutækja 90 km/klst.
- Hlutfall þunga ökutækja (>3,5 tonn) 8%
- Veghæð yfir yfirborði 1 m
- Langhalli vegar < 1%
- Viðmiðunarhæð móttaka 10 m
- Land á milli vegar og móttaka hallandi
- Útbreiðslugeisli 180° (sýnilegur hluti vegar frá móttakara)



Síða 2/5




Vegagerðin

Miðað við áðurnefndar forsendur og niðurstöður hljóðútreikninga er hávaði vegna umferðar undir viðmiðunarmörkum reglugerðar um frígildishljóðstig 55 dB(A) og 45 dB(A) bæði fyrir núverandi umferð og einnig hönnunarumferð vegarins, þ.e.a.s. áætlaðri umferð ársins 2048, bæði fyrir veglínu A og B við bæina Rangá og Ófeigsstaði.

Líkur eru á því að hljóðvist batni jafnvel eftir lagningu nýs vegar þar sem að á núverandi vegi er bæði kröpp beygja og einbreið brú í grennd við Ófeigsstaði og Rangá. Aðstæður eru þannig að ökutæki þurfa að lækka hraðann mikið og auka hraðann síðan aftur. Við þetta skapast meiri umferðarhávaði vegna hraðabreytingar ökutækja samanborið við ökutæki sem keyra á jöfnum hraða.

Til viðbótar mætti einnig nefna að verið er að færa Norðausturveg (85) fjær bæjunum Ófeigsstöðum og Rangá.

Á eftirfarandi yfirlitsmynd má sjá svæðið í grennd við umrædda bæi, annarsvegar 200 m frá vegmiðju og hins vegar 300 m frá vegmiðju. Veglína A er að færast fjær bæjunum sem skilar sér í betri hljóðvist fyrir ábúendur.



2. Vegur við Húsabakka

Útreikningar við Húsabakka miðast við eftirfarandi forsendur:

- Ökuhraði

90 km/klst.
- Ökuhraði þunga ökutækja

90 km/klst.
- Hlutfall þunga ökutækja (>3,5 tonn)

8%
- Veghæð yfir yfirborði


1 m
- Langhalli vegar

< 1%
- Viðmiðunarhæð móttaka


2 m
- Land á milli vegar og móttaka

lárétt
- Útbreiðslugeisli

180° (sýnilegur hluti vegar frá móttakara)



Síða 4/5



Vegagerðin

Miðað við áðurnefndar forsendur og niðurstöður hljóðútreikninga er hávaði vegna umferðar undir viðmiðunarmörkum reglugerðar um frígildishljóðstig 55 dB(A) bæði fyrir núverandi umferð og einnig hönnunarumferð vegarins, þ.e.a.s. áætlaðri umferð ársins 2048, bæði fyrir veglínu A og B. Umferðarhávaði er hins vegar yfir viðmiðunarmörkum ef um væri að ræða frístundabyggð, þ.e.a.s. ef miðað er við 45 dB(A).

Veglína B liggur í núverandi vegstæði og er því í sömu fjarlægð og núverandi vegur en veglína A myndi færast fjær bænum, sem ætti að skila sér í betri hljóðvist.

Á eftirfarandi yfirlitsmynd má sjá svæðið í grennd við bæinn Húsabakka, annarsvegar 40 m frá vegmiðju og hins vegar 55 m frá vegmiðju.

